
Uppsetning kláfs í hlíðum Eyrarfjalls á Ísafirði

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 20. janúar 2021 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Arkiteo ehf., f.h. Eyrarkláfs ehf., um fyrirhugaða uppsetningu kláfs upp á Eyrarfjall á Ísafirði samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 10.20 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Ísafjarðarbæjar, Ferðamálastofu, Minjastofnunar Íslands, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, ISAVIA, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar, Veðurstofu Íslands og Vinnueftirlitsins.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Kláfur upp á Eyrarfjall ofan Ísafjarðar. Fyrirspurn um matsskyldu. Arkiteo, janúar 2021.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Ísafjarðarbæ dags. 8. apríl 2021
- Minjastofnun Íslands dags. 9. febrúar 2021
- Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða dags. 15. febrúar 2021
- ISAVIA dags. 11. maí 2021
- Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 11. febrúar 2021
- Umhverfisstofnun dags. 12. febrúar 2021
- Veðurstofu Íslands dags. 11. febrúar 2021
- Vinnueftirlitinu dags. 10. febrúar 2021

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila dags. 10., 12., 15. og 19. febrúar, 19. apríl og 12. maí 2021.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að í fyrsta áfanga sé fyrirhugað að setja upp kláf með byrjunarstöð í þéttbýlinu á Ísafirði neðan Eyrarfjalls, með einu millimastri á Gleiðarhjalla í hlíðum fjallsins og endastöð uppi á fjallinu. Gert er ráð fyrir uppsetningu tveggja kláfa sem munu ganga hvor á móti öðrum. Framkvæmdin felst jafnframt í gerð bílastæða og lagfæringu aðkomuvegar að byrjunarstöðinni. Í öðrum áfanga er fyrirhugað að byggja veitingahús uppi á Eyrarfjalli í tengslum við endastöðina og í þriðja áfanga að byggja þar sjálfbærar gísteiningar eða hótél. Eyrarfjall er 730 m hátt fjall. Fram kemur að tilgangur framkvæmdanna sé að gera ferðamönnum og íbúum kleyft að njóta útsýnis frá toppi Eyrarfjalls og þróa svæðið sem útivistar- og afþreyingarsvæði.

Fram kemur að í fyrsta áfanga verði byggð um 10 m há bygging sem hýsi byrjunarstöð kláfsins fyrir ofan fjölbýlishús nr. 3-7 við Hlíðarveg á Ísafirði og lagður um 100 m langur, 7 m breiður vegur að stöðinni auk þess sem gert er ráð fyrir að útbúa bílastæði fyrir 20 bíla og 2 rútur. Á Gleiðarhjalla,



miðja vegu milli byrjunarstöðvar og endastöðvar, verður reist rúmlega 30 m hátt mastur í 390 metra hæð yfir sjávarmáli á steiptum undirstöðum sem ná yfir um 250 m² svæði og verður mastrið 15x15 m við jörðu en mjókkar upp á við í 6x6 m.

Ofan á Eyrarfjalli verður reistur endastaur og byggð endastöð kláfsins þar sem verður biðsalur og stjórnstöð í um 10 m hárrí og 200-300 m² stórri byggingu.

Fram kemur að lengd á kláfvírnum frá byrjunarstöðinni að mastrinu á Gleiðarhjalla verði um 750 metrar og frá Gleiðarhjalla upp á Eyrarfjall um 710 metrar. Gert er ráð fyrir að kláfurinn, sem verður um 3x5x3 m (b x l x h) að stærð, geti annað í kringum 500 farþegum á klst. og að í hverri ferð komist um 45 manns fyrir í kláfhúsinu. Áætlanir gera ráð fyrir að um 29.000 farþegar verði fluttir með kláfnum á ári. Gert er ráð fyrir að rekstur kláfsins verði aðallega yfir sumartímamann en mögulega verður opið um helgar yfir vetrartímamann ef veður leyfir. Fram kemur að í áfanga tvö sé gert ráð fyrir að við hlið endastöðvarinnar verði reist um 5 m há og 500 m² stór bygging sem hýsi veitingasal og í þriðja áfanga verði reist um 5 m há hótellbygging, um 1000 m² að stærð og verði unnt að taka á móti 60 – 70 gestum.

Fram kemur að útbúin verði þriggja þrepa skólphreinsistöð á Eyrarfjalli með siturlögn í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólþ. Ekki er fyrirhugað að leggja veg upp fjallið heldur verður notast við þylur við flutning byggingarefnis, bæði fyrir mastur á Gleiðarhjalla og endastöð en til að spara ferðir með þylu verður komið upp vinnulyftu sem verður einnig notuð til að flytja umfangsminna efni upp á fjallið. Þýla verður notuð við uppsetningu á þeim staurum sem þarf fyrir vinnulyftuna og eins við niðurrif þeirra að verki loknu.

Efnisþörf til fyrirhugaðra framkvæmda er áætluð um 2.000 – 2.500 m³ og verður efni tekið úr opinni námu í Dagverðardal í Skutulsfirði.

Veðurathuganir

Fram kemur að veður og þá aðallega vindstyrkur hafi afgerandi áhrif á hvenær hægt sé að flytja fólk upp á Eyrarfjall í kláfnum og verði stuðst við þær kröfur sem framleiðandi setji um það vindálag sem kláfurinn þoli. Ekki hafi verið gerðar veðurannsóknir á svæðinu en stuðst við veðurfarsupplýsingar frá Þverfjall og Ísafjarðarflugvelli auk þess sem hægt er að styðjast við veðrupplýsingar frá Hnífsdal. Fyrirhugað er að setja upp veðurstöð á Eyrarfjalli sumarið 2021 og munu veðurmælingar standa yfir í eitt ár í það minnsta. Að auki er ætlunin að vera með veðurmælingar á svæðinu áfram fram yfir byggingartíma kláfsins.

Ofanflóðahættumat

Fram kemur að hættusvæði vegna ofanflóða afmarkist af línu, hættumatslínu, sem dregin sé á grundvelli ákvörðunar um ásættanlega staðaráhættu en staðaráhætta er skilgreind sem árlegar dánarlíkur einstaklings af völdum ofanflóða ef dvalið er öllum stundum í óstyrktu einbýlishúsi. Brekkumegin hættumatslínunnar skiptast hættusvæði í þrjú flokka eftir vaxandi áhættu. Hættusvæði A afmarkast af jafnáhættulínunum þar sem staðaráhætta er 0,3–1 af 10.000, hættusvæði B afmarkast af jafnáhættulínunum þar sem staðaráhætta er 1–3 af 10.000 og hættusvæði C er svæði þar sem staðaráhætta er meiri en 3 af 10.000 en byrjunarstöð kláfsins er á hættusvæði B. Fram kemur að í atvinnuhúsnæði þar sem unnið er að staðaldri telst áhætta ásættanleg ef staðaráhætta er minni en 1 af 10.000 á ári. Hins vegar er heimilt að meta viðveru fólks á annan hátt en kveðið er á um hér að framan og á slíkt mat t.d. við um atvinnuhúsnæði þar sem ekki er stöðug viðvera fólks. Samkvæmt greinargerð deiliskipulags sem nær til hluta framkvæmdasvæðisins eru snjóflóð sjaldgæf, hætta er þó á aurflóðum og grjóthruni en ofan við byrjunarstöð er búið að reisa ofanflóðavarnargarð.



4 UMHVERFISÁHRIF

Mengun vatns

Fram kemur að fyrirhugaðar framkvæmdir séu utan vatnsverndarsvæða en hætta geti verið á mengun grunn- og yfirborðsvatns á framkvæmda- og rekstrartíma m.a. ef olíuslys eigi sér stað. Unnið verður eftir ákveðnu verklagi sem miðar að því að lágmarka mengun ef óhöpp af völdum olíu verða í tengslum við framkvæmdir.

Verklagið felst í eftirfarandi:

- Magn olíu verður takmarkað á svæðinu. Á bílastæði verður útbúin sérstök aðstaða þar sem áfylling olíu fer fram. Ávallt verður til staðar lekabytta, ígleypiefni og skófla svo hægt sé að bregðast við um leið ef óhapp kemur upp.
- Verktaki og rekstraraðilar munu hafa daglegt eftirlit með olíuleka frá vinnuvélum og tækjum. Verði vart við olíuleka skal þegar í stað stöðva lekann og/eða fjarlægja tækið af verkstað. Hreinsa skal strax upp allt það efni sem komist hefur í snertingu við jarðveg.
- Öllu gróður- og jarðraski verður haldið í lágmarki og umferð ökutækja um svæðið verður stýrt og aðeins heimil starfsmönnum sem eiga þar erindi.

Jarðmyndanir

Í tilkynningu kemur fram að á svæðinu séu engar jarðminjar sem njóti sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd. Ekki þarf að leggja vegslóða upp á Gleiðarhjalla eða Eyrarfjall. Loftína verður lögð samhliða vírum fyrir kláfinn. Lögð er áhersla á að svæðinu verði skilað í sem líkustu ástandi og það var fyrir. Áhrif framkvæmda á jarðminjar eru metin óveruleg.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands er bent á að ljóst sé að grafa þurfi fyrir undirstöðum burðastaura og mannvirkja á Gleiðarhjalla og á Eyrarfjalli en ekki liggur fyrir hvernig staðið verði að þeim framkvæmdum án aðkomu vinnuvéla og þá hvernig framkvæmdaraðili hyggst koma þeim upp á Gleiðarhjalla og Eyrarfjall án vegaf framkvæmda. Þá telur stofnunin óljóst hvernig vatn og rafmagn verði flutt upp á Eyrarfjall.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að millistaur á Gleiðarhjalla verði byggður á kletti og verða burðarankeri fest í klettinn og steyptar undirstöður. Efni og annað sem þarf á til þeirra framkvæmda verður flutt þangað með þyrlu auk þess sem notast verður við tímabundna vinnulyftu. Settir verða bráðabirgðastaurar fyrir vör hennar sem verða síðan fjarlægðir eftir að kláfur er kominn í notkun. Ekki verða lagðir vegir upp fjallið. og þær vinnuvélar sem nota þarf við framkvæmdir verða að minni gerðinni og verða fluttar í hlutum upp á Gleiðarhjalla og á topp fjallsins með þyrlum.

Fram kemur að kláfarnir renni á tveimur burðarvörum en þriðji vírinn sé togvír. Á milli víranna verður settur upp burðarvír sem ber uppi háspennulínu og vatnslögn, en vatn er fengið úr vatnsveitu bæjarins og dælt upp í geymslutank sem verður komið fyrir inni í lyftuhúsi upp á fjallinu. Enginn jarðstrengur sem slíkur verður því lagður í jörðu.

Landslag og ásynd

Fram kemur að fyrirhugaðar framkvæmdir muni hafa í för með sér breytingar á ásynd Eyrarfjalls. Áhrifin eru líkleg til að vera óverulega neikvæð þar sem þau eru staðbundin og framkvæmdir koma ekki til með að breyta einkennum svæðisins þar sem einungis sést í mastur kláfsins hátt uppi á klettum Gleiðarhjalla. Kláfvírar munu, að mati framkvæmdaraðila, hafa óveruleg áhrif á ásynd.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur ljóst að mestu umhverfisáhrifin verði þau að kláfurinn mun breyta ásynd Eyrarhlíðar og Eyrarfjalls séð frá Ísafjarðarbæ, inn eftir Skutulsfirði og jafnvel séð frá Hnífsdal. Ekki kemur fram hæð eða stærð endastöðvar kláfsins sem er ráðgert að reisa efst á Eyrarfjalli.



Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að umfang og útlit byrjunar- og endastöðva sé á hönnunarstigi.

Umhverfisstofnun bendir á að við sambærilegar framkvæmdir hafi stofnunin hvatt til þess að farið væri mjög varlega þegar um er að ræða framkvæmdir sem hafa varanlegar breytingar á fjöllum eða landslagi, sbr. umræðu um kláf á Esju. Slíkar framkvæmdir geta haft umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér vegna varanlegra breytinga á landslagi. Hér er um að ræða nýjung í mannvirkjagerð og telur Umhverfisstofnun að mat á umhverfisáhrifum sé rétti vettvangurinn til þess að skoða umhverfisáhrif slíkra framkvæmda. Auk þess telur stofnunin að gera þurfi ítarlegri grein fyrir sjónrænum áhrifum allra áfanga en gert er í greinargerð og einnig hvernig staðið verði að fyrirhuguðum framkvæmdum. Þá þarf að fjalla um valkosti varðandi mannvirkjagerð á Eyrarfjalli m.t.t. áhrifa á landslag.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að staðið verði að fyrirhuguðum framkvæmdum á þann hátt að sem minnst rask verði á Eyrarfjalli. Með það að leiðarljósi hafi verið valinn kláfur þar sem einungis verður settur upp einn staur á miðri leið.

Framkvæmdaraðili bendir á að þess verði gætt í hvívetna að raska landi sem minnst og ganga frá framkvæmdasvæði að loknum framkvæmdum.

Hávaði

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að gera megi ráð fyrir að vélarhljóð sem tengist keyrslu á kláfinum upp og niður Eyrarfjall munu valda hljóðmengun á stóru svæði. Ísafjarðabær tekur í svipaðan streng í umsögn sinni.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að þar sem drifbúnaður sé í steypum kjallara byrjunarstöðvar berist enginn hávaði frá þeim búnaði og nær ekkert hljóð berist út í umhverfið þegar kláfarnir renna eftir vírunum.

Gróður

Í tilkynningu kemur fram að á svæðinu ofan við byrjunarstöð kláfsins séu hlíðarnar nokkuð grasi grónar nær upp að klettum Gleiðarhjalla. Eftir því sem ofar dregur er gróðurhula lítill og á köflum engin. Gróðurfar er ekki talið sérstakt og þær vistgerðir sem eru ríkjandi á áhrifasvæðinu eru útbreiddar á landsvísu og hafa lágt eða miðlungs verndargildi. Þær helstu eru víðikjarrvist, grasmóavist, urðarskriðvist, moldavist og tún og akurlendi. Áhersla verður lögð á að halda öllu raski í lágmarki og græða upp svæði eftir að framkvæmdum lýkur til að viðhalda gróðurþekju og koma í veg fyrir fok fínefna. Áburður verður ekki notaður til uppgræðslu innan svæðisins vegna vatnsverndarsjónarmiða. Áhrif framkvæmda á gróðurfar eru metin óverulega neikvæð þar sem þau eru staðbundin, breyta ekki einkunnum gróðurfars á svæðinu og er að einhverju leyti afturkræf.

Náttúrufræðistofnun vekur athygli á að víðikjarrvist og grasmóavist hafa mjög hátt og hátt verndargildi. Þær eru auk þess á lista Bernarsamningsins ásamt urðarskriðuvist.

Útivist

Fram kemur að hægt sé að ganga upp á Gleiðarhjalla en ekki sé um merktu gönguleið að ræða. Fyrirhugaðar framkvæmdir eru til þess fallnar að fleiri stundi útivist á svæðinu þar sem að tilkoma kláfsins mun auðvelda fólki að komast upp á Eyrarfjall.

Fornleifar

Fram kemur að engar þekktar fornleifar eru innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis en áður en framkvæmdir hefjast mun fornleifafræðingur verða fenginn til að kanna svæðið.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að millistöðin á Gleiðarhjalla verður í 390 m hæð yfir sjávarmáli og toppur Eyrarfjalls er í 700 metra hæð yfir sjávarmáli. Þar sem millistaurinn verður reistur eru klettur og uppi á fjallinu er slétta með gljúpum og grýttum jarðvegi. Ólíklegt verður að



telja að fornleifar finnist á þessum stöðum. Fornleifaskráning frá árinu 2002 sem tekur til fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis byrjunarstöðvar uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru til fornleifaskráningar í dag. Minjastofnun telur að í tengslum við gerð deiliskipulags þurfi að fá fornleifafræðing til að taka út svæðið þar sem byrjunarstöðin mun rísa auk vegstæðis aðkomuvegar. Ef fornleifar finnast innan svæðisins þarf að taka tillit til þeirra í skipulagi svæðisins. Sýna þarf staðsetningu og útlínur fornleifa á deiliskipulagsuppdraetti og fjalla um áhrif á fornleifarnar í greinargerð/umhverfisskýrslu.

Öryggi

Í umsögn Veðurstofu Íslands kemur fram að kláfurinn muni opna aðgengi að skíðaleiðum þar sem hætta sé á að skíðafólk setji af stað snjóflóð. Ef reka á kláfinn að vetri til fyrir skíðafólk þarf því að liggja fyrir áætlun um hvernig snjóflóðahætta verður metin á þessum skíðaleiðum og um viðbúnað vegna hættunnar. Þá er bent á að huga þurfi að því hvernig brugðist verður við ef bilun verður í kláfnum og koma þarf fólki niður af fjallinu án hans.

Í umsögn Ísafjarðarbæjar kemur fram að lítillega sé fjallað um snjóflóð og grjóthrun en ekki að því marki að hægt sé að gera sér grein fyrir áhrifum veðurs á kláfinn, línur, lagnir og staura.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að kláfurinn sé ekki ætlaður fyrir skíðafólk enda nánast ómögulegt að fara á skíðum frá Eyrarfjalli þar sem endastöð kláfsins verður. Fylgt verður að öðru leyti öllum þeim viðbragðsáætlunum og aðgerðum sem lúta að snjóflóðum og snjóflóðahættu. Fram kemur að kláfurinn sé útbúinn með neyðardrifi samhliða aðaldrifi, öryggisbremsum og rafstöðvum í báðum stöðvarhúsum til notkunar í neyðartilfellum og auk þess verður gert ráð fyrir neyðargistingu með samanbrotnum rúmum uppi á fjallinu.

Í umsögn Veðurstofunnar kemur enn fremur fram að ljóst sé að þótt kláfurinn verði ekki í notkun að vetrarlagi þurfi vírar, staurar og byggingar að þola það veðurfar sem er á svæðinu að vetri til. Hvassviðri, ofankoma og ísing eru náttúruvárbættir sem gæta verður að. Veðurstofan telur að veðurmælingar á toppi fjallsins í eitt ár sé algjört lágmark og eingöngu ef niðurstöður mælinga eru settar í samhengi við mælingar frá öðrum veðurstöðvum sem hafa verið reknar lengur. Þá lýtur að vera nauðsynlegt að reka veðurstöð samhliða almennum rekstri til að geta tekið ákvarðanir um hvenær óhætt sé að nota kláfinn.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að höfð sé hliðsjón af veðurmælingum frá fjórum stöðum í nágrenni fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis varðandi hönnunarforsendur mannvirkja m.t.t. veðurfars. Lyftu fylgir veðurstöð sem gerir kleyft að fylgjast með veðri daglega en kláfurinn verður að mestu leyti í rekstri yfir sumarmánuðina þegar veður er gott. Leyfilegur hámarksvindhraði við rekstur kláfsins er 22 m/sek.

Í umsögn Isavia kemur fram að fyrirtækið geri ekki athugasemd við að kláfur verði settur upp skv. upplýsingum í framlögðum gögnum. Kláfurinn á ekki að hafa áhrif á blindaðflug að Ísafjarðarflugvelli en hefur hins vegar áhrif á sjónaðflug og sjónbrotflug til og frá Ísafjarðarflugvelli. Við því þarf að bregðast með því að setja hindranalýsingu á mannvirki sem reist verða og þurfa framkvæmdaraðili og hönnuðir mannvirkja, einkum mastra, að hafa samráð við Isavia og Samgöngustofu um útfærslu á hindranalýsingunni á hönnunartíma.

Í svörum framkvæmdaraðila er staðfest að samráð verði haft við Isavia og Samgöngustofu um hindranalýsingu á hönnunartíma.



5 SKIPULAG OG LEYFI

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru ekki í samræmi við Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020 og þarf að gera breytingar á því. Gera þarf nýtt deiliskipulag fyrir svæðið sem tekur til fyrirhugaðra framkvæmda frá byrjunarstöð og að endastöð upp á Eyrarfjall.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Ísafjarðarbæjar samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Framkvæmdin er einnig háð byggingarleyfi sveitarfélagsins samkvæmt lögum um mannvirki, starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða og leyfi Vinnueftirlitsins.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða framkvæmdir við uppsetningu og rekstur kláfs í hlíðum Eyrarfjalls ofan byggðarinnar á Ísafirði. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10.20 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Eðli framkvæmdar og staðsetning

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdarinnar í heild, mengunar og hættu á slysum sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Þá þarf að taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á einkum m.t.t. landnotkunar sem fyrir er eða er fyrirhuguð samkvæmt skipulagsáætlun og álagspóls náttúrunnar einkum m.t.t. landslagsheilda og þéttbýlla svæða.

Um er að ræða nokkuð umfangsmiklar framkvæmdir þegar á heildina er litið sem samanstanda af nokkrum framkvæmdaþáttum, s.s. byggingu byrjunarstöðvar við þéttbýlismörk á Ísafirði, uppsetningu um 1400 m langra kláfvíra og burðarmasturs um miðja vegu upp Eyrarfjall og síðan byggingu endastöðvar, veitingasals og hótels fyrir um 60-70 gesti á toppi fjallsins. Fyrirhugaðar framkvæmdir eru að langmestu leyti á öröskuðu svæði í hlíðum Eyrarfjalls og uppi á fjallinu í mikilli nálægð við þéttbýlið á Ísafirði. Gert er ráð fyrir að hægt verði að flytja tæplega 30.000 farþega með kláfunum á ári og að rekstur kláfsins verði aðallega yfir sumartímann en mögulega einnig um helgar yfir vetrartímann ef veður leyfir. Gert er ráð fyrir að framkvæmdatími verði rúmlega eitt og hálf ár samkvæmt verkáætlun en Skipulagsstofnun telur jákvætt að ekki eigi að leggja veg upp fjallshlíðina heldur eigi að flytja efni og vinnuvélar annars vegar með þyrllu og hins vegar verður sett upp lyfta til bráðabirgða til að flytja efni. Þess verður gætt að raska landi sem minnst og ganga frá svæðinu þegar lyftan hefur skilað hlutverki sínu.

Fyrir liggur að fyrirhuguðum framkvæmdum verður áfangaskipt og að við hönnun, sem ekki liggur fyrir, eigi að styðjast við sambærilegar framkvæmdir erlendis en ekki eru fordæmi fyrir slíkum framkvæmdum héraðs. Þar sem hönnun mannvirkja liggur ekki fyrir, m.a. bygginga á toppi Eyrarfjalls s.s. veitingastaðar og hótels er ekki hægt um vik að átta sig á ásynðarbreytingum sem gætu orðið með tilkomu þeirra. Bæði Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun telja að helstu umhverfisáhrif verði þau að fyrirhuguð mannvirki munu breyta ásynnd Eyrarhlíðar og Eyrarfjalls séð víða að og þannig leiða til varanlegra breytinga á landslagi og telur Umhverfisstofnun að mat á umhverfisáhrifum sé rétti vettvangurinn til þess að skoða umhverfisáhrif slíkra framkvæmda. Skipulagsstofnun tekur undir með framangreindum stofnunum um að gera megri ráð fyrir því að helstu áhrif framkvæmdarinnar felist í breytingum á landslagi. Stofnunin telur að fjalla þurfi nánar um mismunandi valkosti bygginga, m.a. stærð þeirra og útlit og greina nánar og meta hugsanleg ásynðaráhrif af fyrrnefndum byggingum sem og öðrum fyrirhuguðum mannvirkjum eins og Umhverfisstofnun bendir á í umsögn sinni.



Veðurstofan hefur bent á að kláfurinn kunni að opna aðgengi að skíðaleiðum þar sem hætta sé á að skíðafólk setji af stað snjóflóð en framkvæmdaraðili hefur bent á að kláfurinn sé ekki ætlaður fyrir skíðafólk enda nánast ómögulegt að fara á skíðum frá endastöð kláfsins. Skipulagsstofnun telur að ekki sé útilokað að skíðafólk nýti sér kláfinn þó að viðkomandi renni sér ekki niður brekkur beint frá endastöð. Þar sem ljóst er að fyrirhugað er að hafa kláfinn í rekstri um helgar yfir vetrartímam þegar þannig viðrar er ástæða til, með hliðsjón af ábendingum Veðurstofunnar og í ljósi þeirrar sérfræðipækkingar sem stofnunin býr yfir, að að fram fari nánari greining og mat á hættu á snjóflóðum á hugsanlegum skíðaleiðum og á því hvort að hætta kunni að vera á því að farþegar með kláfnum setji af stað snjóflóð.

Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi eiginleika hugsanlegra áhrifa einkum með tilliti til stærðar og fjölbreytileika áhrifa, m.a fjölda fólks sem verður líklega fyrir áhrifum, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar og afturkræfni áhrifa, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Eyrarfjall og Gleiðarhjalli eru áberandi kennileiti á Ísafirði og blasa víða við og er fjallið í mikilli nálægð við þéttbýlið. Fjallið er að langmestu leyti óraskað af mannlegum umsvifum utan snjóflóðavarnargarðs rétt ofan við þéttbýlið. Framkvæmdaraðili hefur bent á að um er að ræða afturkræfar framkvæmdir þar sem engar varanlegar breytingar verða gerðar á landslagi. Þrátt fyrir að fyrirhugaðar framkvæmdir séu að miklu leyti afturkræfar hvað varðar ásýndaráhrif, telur Skipulagsstofnun að horfa beri til þess að mannvirkin koma til með að standa í langan tíma. Í ljósi þess sem rakið er hér að framan kunna að verða verulegar ásýndarbreytingar á Eyrarfjalli með tilkomu fyrirhugaðra framkvæmda og ljóst að framkvæmdirnar kunna að hafa áhrif á marga og kalla þessar staðreyndir á nánari greiningu og mat á umfangi áhrifa á ásýnd fjallsins. Þá kann ennfremur að vera slyshætta fyrir hendi ef farþegar með kláfnum hyggjast skíða niður af Eyrarfjalli, m.t.t. snjóflóða og þarf að leggja mat á þessi hugsanlegu áhrif á skíðafólk.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd kann að hafa umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 9. júlí 2021.

Reykjavík, 2. júní 2021

Egill Þórarinnsson

Jakob Gunnarsson